

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2016

2017/EES/66/24

frá 18. mars 2016

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1576 frá 6. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tiltekna vínfræðilegar vinnsluaðferðir og á reglugerð (EB) nr. 436/2009 að því er varðar skráningu á þessum vinnsluaðferðum í skrár sem halda skal fyrir víngeirann ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í 7. mgr. inngangsorða bókunar 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2009) í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

„– **32015 R 1576**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1576 frá 6. júlí 2015 (Stjúd. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/1576, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.